

Reykjavík, 31. október 2019

Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið
Skrifstofa orku, iðnaðar og viðskipta

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar.
Samráðsgátt mál S-213/2019**

Samorka fyrir hönd dreifiveitna fagnar tillögu að endurskoðun á reglugerðinni og tillögum um úrbætur sem tryggja en betur stöðu neytenda m.a. um val á söluaðilum auk fleiri atriða sem þar koma fram. Núverandi regluverk og framkvæmd hefur ekki verið fullnægjandi hér að lútandi og mikilvægt að allir hagaðilar leggi sitt af mörkum að bæta úr.

Dreifiveiturnar tóku mikilvægt skref á sínum tíma, þegar skilið var á milli dreifingar og sölu, með því að stofna reiknistofu (Netorku) sem tók að sér sameiginleg verkefni við söfnun og miðlun mæligagna og annað sem tengist flutningi viðskiptavina milli neysluveitna, dreifiveitusvæða og milli söluaðila. Við þá framkvæmd var á sínum tíma ákveðið að kaupa aðgang að sænskum hugbúnaði þar sem gengið er út frá svo nefndum sjálfgefnum söluaðila og þar með kom þessi Evrópska regla inn hjá okkur. Hvernig þetta tæknilega atriði hefur síðan leitt af sér ákveðinn galla í framkvæmdinni er eitthvað sem við verðum að læra af. Þá er ljóst að þau úrræði sem áttu að vinna með þessari aðferð gerðu það ekki þegar á reyndi, m.a. vegna viðbragða viðskiptavina við áskorun dreifiveitna um að velja sér söluaðila en eiga á hættu íþyngjandi álögur ella.

Þrátt fyrir þetta er það svo að þær breytingar sem nú á að gera eru mögulegar sökum þess að til er sameiginleg reiknistofa dreifiveitnanna (Netorka) og er það vel.

Rétt er að geta þess að strax frá upphafi hafa Svíar hins vegar unnið mjög skipulega í því að neytendur séu mjög meðvitaðir um ábyrgð sína í að tilkynning um flutning eða tengingu við nýja veitu til síns söluaðila og þeir hafa þar með sameiginlega ábyrg á því að þeirra viðskiptasamband haldi við flutninga eða aðra tilfærslu eða við stofnun nýrra viðskipta. Bregðist það hjá þeim kemur sjálfgefni söluaðilinn inn. Ljóst er að okkur hefur ekki gengið jafnvel að koma á þessari neytenda- og markaðsvitund og mikilvægt að vinna sameiginlega að úrbótum hér að lútandi eins og áður segir.

Eins og komið hefur fram er þetta að verulegu leyti spurning um tæknilega úrlausn. Við teljum að með ákveðnum breytingum getum við náð vel utan um stærstan hluta flutnings viðskiptavina milli neysluveitna (kennitala verði merkt þeim söluaðila sem viðskiptavinur hefur valið). Einnig að við getum mjög bætt aðgerðir til að tryggja að flestir nýjir viðskiptavinir velji sér söluaðila. Með þessu móti ættum



Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku- framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

við að geta náð vel utan um 90-95% viðskiptavina (flutningur/nýskráning) og tryggja þannig að framkvæmdin gagnvart þeim verði ætíð rétt.

Hins vegar er ljóst að ætíð verður lítið brot viðskiptamanna sem gengur illa eða ekki að fá til þess að velja sér söluaðila eða þeir eru með fleiri en einn söluaðila tengda við sína kennitölu. Hér eru þá einnig þeir sem eru að koma alveg nýjir inn eða hafa ekki verið í viðskiptum s.l. 12 mánuði og teljast því ekki hafa valið sér söluaðila.

Spyrja má hvaða kostir eru í stöðunni til að tryggja að þessi 5 - 10% viðskiptavina velji sér söluaðila og hvað ber að gera takist það ekki. Samorka hefur nefnt nokkra möguleika hér að lútandi en telur að auðveldast sé bæði fyrir dreifiveiturnar og neytendur að þá komi inn svo nefndur „skyldubirgi“ (e. supplier of last resort (EB tilskipun 2009/72)) eða söluaðili til þrautavara, sem verði þá fyrirfram skilgreindur og valin eftir reglum sem Orkustofnun setur þar um. Slíkur söluaðili getur þá aðeins orðið virkur í undantekningartilvikum.

Í þessu sambandi þarf að hafa í huga sérstöðu raforkudreifingar og raforkusölu og þeirrar stöðu að það sé ætíð gert ráð fyrir að neysluveita sé tengd og í sambandi í þágu viðskiptavinarins og flutningur milli dreifiveitusvæða eða söluaðilaskipti eigi ekki nema í undantekningartilvikum að leiða til þess að straumur á neysluveitu sé rofinn. Með nýrri tækni aukast að vísu möguleikar á því að rjúfa straum til neysluveitu án þess að fara þurfi inn í hús og að viðkomandi mæli. Kann það til framtíðar lítið að auðvelda ýmislegt sem lítur að þessari framkvæmd og þar með að tryggja að neytendur velji án undantekninga söluaðila. Eftir stendur þó ætíð þetta mat á hagsmunum neytenda að ekki komi til rofs á rafmagni nema mikið liggja við.

Í framangreindri tilskipun EB 2009/72 er gert ráð fyrir að skyldubirginn eða söluaðili til þrautavara sé landsdekkandi á hverjum tíma. Til eru ýmsar leiðir til þess að velja þennan aðila eins og Orkustofnun hefur bent á. Af hagnýtum og tæknilegum ástæðum er mikilvægt að hann sér valinn til ákveðins lágmarks tíma, t.d. sex mánaða í senn.

Varðandi þær breytingar sem lagðar eru til hér að ofan þarf að hafa í huga að þær þarf að útfæra tæknilega í núverandi kerfum og stór hluti þess verkefnis er að tryggja óhindrað flæði í öllu ferlinu og þar með að ekki verði neitt hik eða tafir svo allt getið gengið upp. Þegar hefur verið óskað eftir tíma-áæltun frá sænskum birgja Netorku hér að lútandi. Gera verður ráð fyrir breytingar á hugbúnaði og innleiðing þeirra taki a.m.k 12 mánuði. Þá þarf einnig að gera ráð fyrir að breytingar á netmála séu gerðar samhliða.

Eins og áður segir er ekki nema að litlu leyti búið að snjallmælavæða raforkusölumæla sem hefur áhrif á tímaás söluaðilaskipta, þar sem nauðsynlegt er fyrir dreifiveiturnar að ná álestri á mæla til að staðfesta lokastöðu gagnvart fráfarandi söluaðila og þar með upphafsstöðu hjá nýjum söluaðila. Í dag eru þessi tímamörk 30 til 60 dagar þar sem miðað hefur verið við að álestur náist í síðasta lagi um næst liðin mánaðarmót eftir að söluaðilaskipti eru tilkynnt. Með breyttu verklagi á þó að vera



Samorka eru samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi. Innan samtakanna starfa fráveitur, hitaveitur, vatnsveitur, raforku- framleiðendur, raforkusalar og flutnings- og dreifingaraðilar raforku

hægt að koma þessu niður í 10 til 40 daga miðað við að söluaðilaskipti séu ætíð tilkynnt í síðasta lagi 10 dögum fyrir komandi mánaðarmót. Eftir að snjallmælavæðingu lýkur verður hægt að kalla eftir álestri samstundis í stærstum hluta dreifikerfisins. Ekki liggja fyrir áætlanir hjá öllum dreifiveitum um hvenær snjallmælavæðingu lýkur.

Auk ofangreindra atriða setjum við fram ýmsar ábendingar og gerum athugasemdir við einstök ákvæði í drögum að reglugerðinni, sbr. meðfylgjandi fylgiskjal með bréfi þessu.

Um leið og Samorka þakkar fyrir tækifærið til þess að koma að umsögn um málið vísum við til einstakra umsagna aðildarfélaga okkar.

Jafnframt lýsum við yfir vilja til þess að eiga samstarf um endanlega gerð reglugerðarinnar hvort sem það verðu gert með nýju samráðsferli í Samráðsgátt eða með fundum með umsagnaraðilum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samorku

Baldur Dýrfjörð lögfræðingur

Meðfylgjandi:

- Drög að reglugerð um raforkuviðskipti og mælingar með ábendingum, athugasemdum og tillögum um orðalagsbreytingar í einstökum ákvæðum.